

BLÓÐRANNSÓKNIR Á MEÐGÖNGU - VIÐMIÐUNARGILDI

Lífeðlisfræðilegar breytingar á viðmiðunargildum

Við túlkun niðurstaðna blóðrannsóknna þarf að taka tillit til þungunar vegna lífeðlisfræðilegra breytinga sem verða. Breytingarnar gerast snemma á meðgöngu (fyrstu vikunum). Í fæstum tilvikum gefa rannsóknarstofur upp sérstök viðmiðunargildi fyrir þungaðar konur.

BLÓÐSTATUS:

- Hb lækkar vegna aukningar á plasmarúmmáli (sjá Fróðleiksmola um blóðhag og blóðleysi).
- Hvítum blóðkornum (neutrofílum) fjölgar talsvert. Eru oft á bilinu $10-13 \times 10^9/L$.
- MCV hækkar lítillega eða helst óbreytt.
- MCH helst óbreytt.
- MCHC helst óbreytt.

KLÍNÍSK LÍFEFNAFRÆÐI:

- B12 lækkar verulega, þarf ekki að mæla nema á mjög ákveðinni ábendingu (sjá Fróðleiksmola um blóðhag og blóðleysi).
- Járnbindigeta hækkar mikið.
- Kreatínín lækkar mikið. Gildi yfir $80 \mu\text{mol/L}$ er vísbending um skerta nýrnastarfsemi.
- Gaukulsíunarhraði eykst mikið.
- Na^+ og K^+ lækka aðeins, mega vera í neðri mörkum en ekki mikið undir.
- D-dimer hækkar mikið, oft á bilinu $1-2 \mu\text{g/mL}$, hækkar með meðgöngulengd.
- Fibrinogen hækkar mikið.
- Sökk hækkar mikið, venjulega ekki mælt.
- CRP helst óbreytt
- ALP hækkar mikið vegna framleiðslu í fylgju og er alla jafna ekki mældur en önnur lifrarpróf breytast lítið.
- Gallsýrur á meðgöngu: Eðlilegt $\leq 10 \mu\text{mol/l}$, væg hækkun $11-39 \mu\text{mol/l}$, miðlungs hækkun $40-99 \mu\text{mol/l}$, alvarleg hækkun $>100 \mu\text{mol/l}$